

FORMRÆNIR MÖGULEIKAR

Undanfarið hefur staðið yfir sýning að Kjarvalsstöðum á málverkum eftir Margréti Reykdal, en þetta er þriðja einkasýning hennar.

Að gefa í skyn

Þegar litid er yfir sýningu Margrétar er ljóst að landslagið hér er ekki í eiginlegum skilningi. Hér er fremur um að ræða myndasýn sem gefur í skyn (ákveðnar sögur eða tilfinningar), en lýsir ekki fyrirmyndinni nákvæmlega. Myndverkin sem virðast standa milli draums og veruleika eru gerð með malerískri pensilskrift, og í lifandi hreinum litum, þar sem allt er gert til að forðast nákvæma útlistun á fyrirbærinu, sem fær óskilgreindan blæ, sem áhorfandinn er frjáls um að túlka.

Í hvernig rými?

En aðalspurningin hjá listakonunni virðist þó vera formræn, — eða í hvernig rými á að tjá þessar draumsýnir? Við tókum eftir því að listakonan leitar fyrir sér og við kynnumst hér á sýningunni nokkrum möguleikum á myndbyggingu.


Fyrst er það hefðbundið landslag, þar sem miðjufrjávidd elur af sér þá

sjónblekkingu sem er vel þekkt í hinu natúraliska málverki.

Í öðru lagi brýtur listakonan upp miðjufrjáviddina með því að setja vel afmarkaðar smámyndir inn á flötinn, (mynd nr. 10). Myndin fær skemmtilega tvöfeldni, þar sem áhorfandinn skynjar í senn: litlu flatarmyndirnar og hefðbundið landslag. Þessi myndbygging nær vel að tjá hina ólíku tíma á myndfletinum.

Hér er um að ræða sterka frásögn: fólkið, landslagið og mismunandi tímar (litlu myndirnar) eru vel aðgreindir þannig að áhorfandinn, sem þrátt fyrir allt hefur frjálsa túlkunarmöguleika, stendur frammi fyrir ákveðnu sögulegu ferli.

Í þriðja myndbyggingarmöguleikanum er persóna sett inn í „loft-



kennda fjarvið'' (perspectif atmosphere) án þess að henni sé gefið jarðsamband. Formið virðist fljóta inn í rýminu, en er þó tengt grunninum og umhverfinu með sjálfri pensilskriftinni. Formið er þannig rissað inn í umhverfið. Hér er ekki um að ræða hið sögulega ferli sem við tókum eftir í myndum eins og „Myndir”

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

nr. 10, heldur er áhorfandanum tjáð viss samruni forma (sjór, land figura), sem honum er frjálst að upplifa og túlka á sinn persónulega hátt.


„Opin kerfi”

Allar formrannsóknir listakonunnar virðast beinast að því að miðla óraunsæri frásögn. Draumar, minning og óskilgreindar verur, staldra við á myndfletinum, blandast og gefa okkur upplýsingar um persónulega listsýn listakonunnar. Hér getum við vart talað um neitt heimspekilegt eða frumspekilegt (metaphysique)



„Hafið” ’81. „Áhorfandanum er tjáður samruni forma sem er frjálst að túlka.”
Ljósmyndir: GBK.

Nýjar bækur




Prautgóðir á raunastund

13. bindi

Bókauktáfan Örn og Örygur hf. hefur sent frá sér 13. bindi bókaflokksins Prautgóðir á raunastund eftir Steinar J. Lúðvíksson, en bókaflokkur þessi hefur að geyma björgunar- og sjóslysasögu Íslands. Fjallar 13. bindið um atburði árána 1900—1902 að báðum árum meðtöldum, en auk þess eru í bókinni viðbætur við fyrri bindi bókaflokksins. Með bók þessari hefur sagan verið rekin frá aldamótum fram til ársins 1958, en fram kemur í formála bókarinnar að ætlun útgáfunnar sé að taka síðan til við söguna frá 1958 og rekja hana fram undir nútímann.

Í bókinni er sagt frá ýmsum stórvíðburðum er urðu á fyrstu árum aldarinnar. Þannig er t.d. ýtarleg frásögn af hörmulegu sjóslysi er varð við Vestmannaeyjar á uppstigningardag árið 1901; en þá drukknuðu 27 manns þar í höfninni er bát hvolfdi, og komst aðeins einn maður lífs af. Þá segir einnig frá öðru slysi er aðeins einn komst af, en það var er togarinn Cleopatra strandaði við Loftstaði í ársbyrjun 1901, sagt er frá mannskaðaveðrinu mikla 20. september árið 1900 og ýtarleg frásögn er af undarlegum örlogum togaraskipstjórans Nilssons, þess er varð þremur mönnum að bana á Dýrafirði laust fyrir aldamót.

Prautgóðir á raunastund er sett, filmuunnin og prentuð hjá Prentstofu G. Benediktssonar, en bundin hjá Arnarfelli hf. Káputeikning er eftir Pétur Halldórsson.



VILHJÁLMUR HJÁLMARSSON

Raupað úr ráðuneyti

INNANDYRA Á HVERFISGÖTU 6 Í FJÖGUR ÁR OG FJÓRA DAGA

Þetta er fyrsta bók höfundarins. Hún er nýstárleg, því enginn íslenskur ráðherra hefir áður sett saman bók um ráðuneytið sitt. Vilhjálmur kemur víða við og ræðir m.a. stöðuveitingar, fráfar á Alþingi, námsmannahasa og kalda stríðið um peningana.

Gamansæmi Vilhjálms gægist víða fram. Og oft er seilst eftir svipmyndum utan dyra þótt Hverfisgata 6 sé þungamiðja bókarinnar. Frásögnin er opinská en laus við alla beiskju. 180 myndir eru í bókinni.

Verð kr. 320.00



PJÓÐSAGA

ÞINGHOLTSTRÆTI 27 — SÍMI 13510



TÖSKU-OG
HANZKARÚPI
Skólavörðustígur 7
Sími 15814



Troðfull búð af glæsilegum töskum

Töskur
og hanskar
eru góð jólagjöf

Fyrir herra:

Ferðatöskur
— skjalatöskur
hanskar, belti
og regnhlífur
í glæsilegu úrvali

Sendum í póstkrofu